

Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn Lúðvíks Geirssonar
um skuldir sveitarfélaga og endurfjármögnun.

1. Hverjar eru heildarskuldir sveitarfélaga, fyrirtækja og félaga í þeirra eigu, hjá erlendum lánastofnunum og hvað eru þessar skuldir hátt hlutfall af heildarskuldum viðkomandi?

Í töflu 1 má sjá heildarskuldir sveitarfélaga, fyrirtækja og félaga í þeirra eigu hjá erlendum lánastofnunum og hlutfall þeirra af heildarskuldum sveitarfélaga.

Tafla 1.

Heildarskuldir sveitarfélaga (A+B)	Skuldir við erlendar lánastofnanir	Hlutfall
554,2 milljarðar kr.	218,7 milljarðar kr.	39%

Í töflu 2 má sjá að fimm sveitarfélög (A+B) skulda samtals 444,3 milljarða kr. Þar af við erlendar lánastofnanir 218,2 milljarða kr. eða 49%.

Tafla 2.

Sveitarfélag	Heildarskuldir (A+B)	Skuldir við erlendar lánastofnanir	Hlutfall
Reykjavíkurborg	305,9 milljarðar kr.	194,9 milljarðar kr.	64%
Kópavogsbær	39,4 milljarðar kr.	6,4 milljarðar kr.	16%
Hafnarfjarðarbær	38,4 milljarðar kr.	14,2 milljarðar kr.	37%
Reykjanesbær	38,1 milljarðar kr.	1,4 milljarðar kr.	4%
Akureyrarkaupstaður	22,5 milljarðar kr.	1,3 milljarðar kr.	6%
Samanlagt	444,3 milljarðar kr.	218,2 milljarðar kr.	49%

2. Hver er áætluð þörf sveitarfélaga, fyrirtækja og félaga í þeirra eigu, fyrir endurfjármögnun þessara lána á yfirstandandi ári og árlega á næstu þremur árum?

Í töflu 3 má sjá áætlaða þörf sveitarfélaga fyrir endurfjármögnun á lánum frá erlendum lánastofnunum á yfirstandandi ári og næstu þremur árum.

Tafla 3.

Ár	Upphæð
2012	1,2 milljarðar kr.
2013	5,5 milljarðar kr.
2014	0 kr.
2015	0 kr.

3. Hver er áætluð heildarþörf sveitarfélaga, fyrirtækja og félaga í þeirra eigu fyrir endurfjármögnun á þessu og næstu þremur árum og hvað er sú endurfjármögnun hátt hlutfall af núverandi heildarskuldum þeirra?

Í töflu 4 má sjá áætlaða heildarþörf sveitarfélaga fyrir endurfjármögnun á yfirstandandi ári og næstu þremur árum.

Tafla 4.

<i>Ár</i>	<i>Upphæð</i>
2012	4,0 milljarðar kr.
2013	10,6 milljarðar kr.
2014	2,3 milljarðar kr.
2015	10,4 milljarðar kr.

Á þessu árabili er hlutfall endurfjármögnunarþarfar af núverandi heildarskuldum sveitarfélaga alls 4,8%.